

Ársskýrsla fyrir árið 1999

Efni

Skýrsla stjórnar fyrir árið 1999	bls. 2
Viðauki við skýrslu stjórnar	bls. 4
Ársreikningur 1999	bls. 6

Skýrsla stjórnar fyrir 1999

Flutt á aðalfundi 14. febrúar 2000

Síðasta ár var að venju viðburðaríkt í starfsemi Skýrslutæknifélagsins og enn var slegið met í aðsókn að atburðum sem haldnir voru á vegum þess. Segja má að brotið hafi verið blað í sögu félagsins með þátttöku okkar í útgáfu á svokölluðum Tölvuökuskírteinum eða European Driving Licence. Rekstur skrifstofu var efldur verulega með ráðningu starfsmanns í hálfvart starf en við það skapast ný tækifæri til að þjóna okkar félagsmönnum enn betur. Ritstjórn starfaði að krafti og glíman við 2000 vandann var í brennidepli.

Ráðstefnu- og fundahald

Ráðstefnu- og fundahöld voru að venju fyrirferðamest í starfsemi félagsins. Haldnir voru 7 hádegisfundir og var fjallað um mál sem voru í brennidepli. 2000 vandanum voru gerð skil á þremur fundum auk þess sem fjallað var um fjarskiptamál, gengi hlutafjár í tölvufyrirtækjum og tölvukerfi Íslenskrar erfðagreiningar. Alls sóttu 656 manns þessa fundi eða 94 manns að meðaltali og verður það að teljast ágæt þátttaka.

Ráðstefnuhald var einnig líflegt og hélt félagið alls 5 hefðbundnar ráðstefnur sem 697 sóttu. Að auki var haldin tveggja daga ráðstefna og sýning, UT99, um upplýsingatækni í skólaskrifstofu. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við Menntamálaráðuneytið en hana sóttu 602 manns.

Eins og oft áður er Skýrslutæknifélagið fyrst til að kynna nýjungar í upplýsingatækni hér á landi. Dæmi um það er Linux ráðstefnan sem vakti mikla athygli þar sem fengnir voru helstu gúrúar á þessu sviði til að fræða félagsmenn. Á hausráðstefnu félagsins var fjallað um ýmsan nýjan tæknibúnað sem er að ryðja sér braut inn í íslenskt samfélag m.a. WAP síma. Á jólaráðstefnunni fengum við svo að sjá skrifstofu framtíðarinnar þar sem búið er að tölvuvæða vegg, fundarborð og skrifstofustóla og var fróðlegt að bera þá sýn saman við aðstæður í árdaga upplýsingabyltingarinnar.

Haldin var ráðstefna um verkefnastjórnun í upplýsingatækni í samvinnu við Verkefnastjórnunarfélagið. Ljóst er að mjög brýnt er að efla þennan þátt í upplýsingaverkefnum þar sem mörg verkefni fara langt fram úr áætlun í tíma og kostnaði.

Brugðið var út frá venju og haldin heils dags ráðstefna um mælaborð stjórnandans, vöruhús gagna, og var sú ráðstefna mjög vel sótt.

Eins og áður segir var sett met í aðsókn á árinu en alls sóttu 1353 manns hefðbundna fundi og ráðstefnur félagsins og komu að meðaltali 113 á hvern atburð. Þetta þýðir að aðsókn hefur aukist í heild um 10% á milli ára og meðalaðsókn á fund um 8%. Þessar tölur eru að sjálfsögðu enn hærrí ef að skólaráðstefnan er tekin með í reikninginn.

Útgáfumál

Útgáfa Tölvumála er ein af meginþáttum í þjónustu við félagsmenn en alls voru gefin út 5 tölublöð, samtals 206 blaðsíður með 58 greinum. Ritstjórnin er óvenju kraftmikil og vakti til dæmis blaðið um Internettækni mikla athygli. Þar sameinuðust málspækingar félagsins og ungir pennar í því að gefa út óvenju áhugavert blað.

Tengslin á milli ritstjórnar og stjórnar félagsins voru styrkt verulega með innkomu Einars Reynis, ritstjóra Tölvumála, í stjórn félagsins.

Enn má gera betur í auglýsingasöfnun fyrir blaðið og eru miklar vonir í þeim efnum bundnar við viðbótarstarfskraft á skrifstofu félagsins. Stefnt er að því að auglýsingar standi undir útgáfukostnaði Tölvumála.

Tölvuökuskírteini – TÖK

Skýrslutæknifélagið hefur í tvö ár unnið að undirbúningi þessa máls en með aðild okkar að Evrópusamtökum upplýsingatæknifélaga, CEPIS, opnaðist sá möguleiki að innleiða tölvuökuskírteinið hér á landi. Um er að ræða alþjóðlegt hæfnisskírteini þar sem staðfest er þekking á helstu þáttum í almennri tölvukunnáttu. Tekin eru stöðluð próf í sjö greinum og er

skírteinið gefið út þegar að þeim er lokið. Miðað er við kunnáttu í almennri tölvuvinnslu og er hér einkum verið að höfða til almennings. Þar sem um alþjóðlega viðurkennt hæfnisskírteini er að ræða er hægt að nýta sér það við atvinnuleit jafnt á Íslandi sem og erlendis en stöðugt fjölgar þeim löndum sem tekið hafa þetta kerfi upp. Gefin hafa verið út um 400.000 TÖK skírteini og hafa frændur okkar á Norðurlöndum verið þar framarlega. Þess má geta að Finnar þróðu fyrstir TÖK en með styrk frá Evrópusambandinu var það aðlagð að alþjóðlegum þörfum.

Skýrslutæknifélagið er umboðsaðili fyrir ECDL hér á landi í gegnum dönsku systursamtök okkar. Félagið vottar prófmiðstöðvar sem í flestum tilvikum eru menntastofnanir, einkaskólar eða fyrirtæki en alls hafa 4 aðilar fengið vottun til að prófa nemendur sína. Þróunin erlendis hefur verið sú að stærri fyrirtæki hafa tekið þetta upp á sína arma og stuðlað að því að starfsmenn fari í gegnum nauðsynlega þjálfun og taki tilskilin próf. Einnig er þetta sums staðar orðið hluti af námi til stúdentsprófs í framhaldsskólum.

Erlent samstarf

Áfram var haldið á þeirri braut að efla erlent samstarf með þátttöku okkar í CEPIS og norrænu samstarfi. Á vettvangi CEPIS ber hæst góður árangur tölvuökuskírteinisins í Evrópu en það styrkir verulega fjárhag samtakanna. Ákveðið var að flytja skrifstofu CEPIS til Frankfurt og ráða faglegan framkvæmdastjóra í fullt starf. Undirbúningur er hafinn að evrópsku hæfniskerfi fyrir fagfólk í upplýsingatækni en mikil þörf er á vottun þekkingar sem er óháð einstökum stórfyrirtækjum á sviði tölvubúnaðar.

Skýrslutæknifélagið er fullgildur aðili í þessu samstarfi Evrópuþjóða og væntum við mikils af því. Ákveðið hefur verið að skoða nánar möguleika sem felast í starfi alþjóðasamtakanna IFIP en þau halda uppi áhugaverðu starfi fyrir fræðimenn í upplýsingatækni.

Afkoma

Afkoma félagsins var viðunandi, en alls nam hagnaður félagsins 287 þ.kr., sem er þokkalegur árangur miðað við að verið er að fara inn á nýjar brautir með Tölvuökuskírteini, félagið bar nokkurn kostnað af könnunum vegna 2000 vandans og eflingu skrifstofu félagsins.

Faghópar

Einn faghópur um 2000 vandann starfaði á liðnu ári en störfum hans er nú lokið. Unnið hefur verið að undirbúningi að stofnun faghóps um upplýsingatækni í skólastarfi. Vonast er til að fleiri faghópar verði stofnaðir á árinu.

Stiklað hefur verið á stóru í starfsemi félagsins á síðasta ári sem var mjög viðburðaríkt eins og komið hefur fram. Starfsemi félagsins vakti einnig mun meiri athygli fjölmiðla en áður hefur þekkt, en gera þarf enn betur í þeim efnum. Starfsemi félagsins byggir að verulegu leyti á sjálfboðavinnu en fjölmargir einstaklingar, innan og utan stjórnar, hafa lagt hönd á plóginn og eflt starfsemi félagsins. Þeim vil ég þakka sérstaklega og vonast til að þeir starfi áfram með félaginu að þeim áhugaverðu verkefnum sem fram undan eru. Einnig vil ég þakka starfsmönnum Skýrslutæknifélagsins þeim Svanhildi Jóhannesdóttur framkvæmdastjóra og Ástu Jensdóttur fyrir gott starf á liðnu ári.

Óskar B. Hauksson

Skýrsla stjórnar - viðauki

Árið 1999 var 31. starfsár félagsins. Fullgildir félagsmenn voru 769 í lok starfsárs.

Stjórn

Aðalfundur var haldinn 12. febrúar 1999.

Í stjórn Skýrslutæknifélags Íslands sátu 1999:

Óskar B. Hauksson, formaður
Eggert Ólafsson, varaformaður
Stefán Kjærnested, gjaldkeri
Ingi Þór Hermannsson, ritari
Hulda Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
Magnús Sigurðsson, meðstjórnandi
Einar H. Reynis, varamaður
Sigríður Olgeirsdóttir, varamaður

Haldnir hafa verið 19 hefbundnir stjórnarfundir á starfsárinu, auk fjölda nefndafunda sem stjórnarmenn hafa sótt.

Fjármál

Tekjur umfram gjöld á árinu voru kr. 287.843. KPMG Endurskoðun hf. hefur endurskoðað bókhald SÍ en félagskjörnir endurskoðendur voru Jakob Sigurðsson og Sigurjón Pétursson.

Útgáfumál

Ritstjórn hefur haldið um 30 fundi á starfsárinu og gefið út 5 tölublöð af 24. árgangi. Alls 206 blaðsíður með um 58 greinum um tölvur, hugbúnað og annað, auk veigaminnna efnis.

Ritstjórn skipa:

Einar H. Reynis, ritstjóri
Arnaldur F. Axfjörð
Baldur Sigurðsson
Frans Sigurðsson
Kristján Geir Arnþórsson
Kristján Kristjánsson

Nefndir

Orðanefnd:

Sigrún Helgadóttir, formaður
Örn Kaldalóns
Baldur Jónsson
Þorsteinn Sæmundsson

Siðanefnd:

Erla S. Árnadóttir, formaður
Snorri Agnarsson
Gunnar Linnét

Fagráð í upplýsingatækni, fulltrúi SÍ:

Hulda Guðmundsdóttir
til vara Eggert Ólafsson

Tölvunefnd, fulltrúi SÍ:

Guðbjörg Sigurðardóttir.

til vara Óskar B. Hauksson

Samráðshópur um upplýsingatækni, fulltrúi SÍ:

Óskar B. Hauksson

Að auki hefur starfað fjöldi nefnda um einstök verkefni og atburði.

Félagsfundir

- 1 Hádegisfundur, *Ný Gallup könnun um 2000 vandann í íslenskum fyrirtækjum*, haldinn 19. janúar, þátttakendur 83, haldnir 3 fyrirlestrar.
- 2 Hádegisfundur, *Fjarskipti í brennidepli*, haldinn 26. janúar, þátttakendur 103, haldnir 4 fyrirlestrar.
- 3 Hádegisfundur, *Er gengi hlutafjár í tölvufyrirtækjum raunhæft?*, haldinn 15. apríl, þátttakendur 82, haldnir 3 fyrirlestrar
- 4 Hádegisfundur, *208 dagar til stefnu*, haldinn 7. júní, þátttakendur 37, haldnir 4 fyrirlestrar
- 5 Hádegisfundur, *Tölvukerfi Íslenskrar erfðagreiningar hf.*, haldinn 29. september, þátttakendur 76, haldinn 1 fyrirlestur.
- 6 Hádegisfundur, *Nýjungar í gagnaflutningum*, haldinn 20. október, þátttakendur 222, haldnir 5 fyrirlestrar.
- 7 Fundur: *2000 kaffifundur*, haldinn 24. nóvember, þátttakendur 53, haldnir 3 fyrirlestrar.

Ráðstefnur

- 1 Hálfisdagsráðstefna, *Linux-ráðstefna*, haldin 20. apríl, þátttakendur 191, sýning og haldnir 6 fyrirlestrar.
- 2 Hálfisdagsráðstefna, *Er þörf á verkefnastjórnun í upplýsingatækni*, í samvinnu við Verkefnastjórnunarfélagið, haldin 6. maí, þátttakendur 150, haldnir 4 fyrirlestrar.
- 3 Hálfisdagsráðstefna, *Smáar en knáar*, haldin 3. september, þátttakendur 119, sýning og haldnir 4 fyrirlestrar.
- 4 Heildsdagsráðstefna, *Mælaborð stjórnandans*, haldin 9. nóvember, þátttakendur 185, sýning og haldnir 16 fyrirlestrar.
- 5 Hálfisdagsráðstefna, *Jólaráðstefna: Upplýsingatækni við aldahvörf*, haldin 3. desember, þátttakendur 52, haldnir 4 fyrirlestrar auk pallborðs.

Samanlagt hafa því 1.353 sótt hefðbundna fundi og ráðstefnur á vegum félagsins á árinu, eða 122 að meðaltali, sem er metþátttaka í starfi félagsins á einu ári.

Að auki var haldin tveggja daga ráðstefna *UT99, upplýsingatækni í skólastarfi*, í samvinnu við menntamálaráðuneytið dagana 26. og 27. febrúar, þátttakendur 602, sýning og haldnir 63 fyrirlestrar auk pallborða, umræðuhópa og kennslustofu framtíðar sem var opin allan ráðstefnutímenn.

Starfsmenn félagsins eru Svanhildur Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri, og Ásta Jensdóttir, ritari.